

Fundargerð 105. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 25. ágúst 2016 kl. 12:00 í VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir: Guðmundur Ragnarsson, Samúel Ingvason, Andrés Bjarnason, Símon Guðvarður Jónsson, Guðni Þór Elísson, Sigurður Gunnar Benediktsson og Brynjólfur Árnason.

Í gengnum fjarfundabúnað: Jón Jóhannsson og Guðmundur Sigurvínsson

Fjarverandi: Kristmundur Skarphéðinsson, Þorsteinn Hjálmarsson og Guðmundur Helgi Þórarinsson

Dagskrá :

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 104
2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála
3. Málaferli vegna AKKS Styrktar og menningasjóðs VM
4. Nefndir og fagnefndir VM
5. Kjararáðstefna VM 14. til 16. október n.k.
6. Reglur um kynningu á frambjóðendum í stjórnarkjöri VM
7. Hugmyndir um sameiginlegt húsnæði iðnaðarmannafélaga
8. Lagt fram til upplýsingar
9. Önnur mál

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 104

Formaður setti fundinn og lagði fram fundargerð síðasta fundar. Fundargerðin samþykkt og undirrituð

2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála

- Kjarasamningur sjómanna og samninganefndin. Farmannasambandið og Sjómannasambandið skrifuðu undir kjarasamning en VM stóð til hliðar. Samningurinn var felldur hjá SSÍ en samþykktur hjá FFSÍ. Fundur var hjá sáttasemjara í morgun og næsti fundur er boðaður 6. sept. Líklegt er að þetta endi í aðgerðum.
- Hvalaskoðun og innlendar siglingar. Verið er að vinna í að fá samning fyrir innlendu siglingarnar. Kjarasamningur vegna Kerfóðrunar var felldur. Fundur verður 29. ágúst.

- Áframhaldandi vinna við SALEK gengur hægt.
- Nýju orlofshúsin eru að verða klár og aðsókn á tjaldsvæðið var góð í sumar.

3. Málafæri vegna Akks, Styrktar og menningarsjóðs VM

Niðurstaðan var okkur í óhag. Nú þurfum við að taka ákvörðun um hvort við áfrýjun eða ekki. Umræður voru um málið og ýmsar tillögur komu fram. Að lokum var kosið 8 vildu fara með málið áfram en 1 var á móti.

4. Nefndir og fagnefndir VM

Sú vinnuregla er hjá okkur að fara yfir skipan í nefndir hjá félaginu eftir aðalfund , hverjir verða áfram og hverjir eru hættir. Lögð voru fram skjöl um stöðuna.

5. Kjararáðstefna VM 14. til 16. október

Lögð var fram dagskrá kjararáðstefnunnar. Ráðstefnan átti upphaflega að fjalla um SALEK en það er ekki tímabært þar sem illa gengur að vinna það samkomulag. Við hins vegar höldum þá bara áfram okkar vinnu með atvinnurekendum um styttingu vinnutíma.

Dagskráin verður send út 1. sept. og þá hefst líka skráning.

upplýst var um að að stefnt væri að kjararáðstefnu sjómanna helgina 7. – 9. október 2017 á Hótel Selfoss.

6. Reglur um kynningu á frambjóðendum í stjórnarkjöri VM

Nauðsynlegt er að vera með ákveðnar reglur varðandi framboð til stjórnar félagsins.

Formaður lagði fram tillögu að reglum og biður menn að velta þeim fyrir sér.

7. Hugmyndir um sameiginlegt húsnæði iðnaðarmannafélaga

Verið er að vinna að sameiningu Sameinaða Lífeyrissjóðsins og Stafa. Ljóst er að ef að sameiningu verður þá þarf sjóðurinn á nýju húsnæði að halda og sú tillaga hefur komið upp að nýi sjóðurinn og iðnaðarmannafélögin sameinist um húsnæði. Umræður voru um málið og ákveðið að fara ekki inn í þetta eins og er.

8. Lagt fram til upplýsingar

- Samkomulag milli ASÍ og SA um framkvæmd á hækkun framlags atvinnurekenda í lífeyrissjóð.

- Þakkarbréf frá Björgunarsveitinni Ingunni á Laugarvatni vegna styrkst til kaupa á nýjum björgunarbát.
- Bréf frá Atvinnuvega- og Nýsköpunarráðuneytinu um Samstarfsnefnd um bætt umgengi um auðlindir sjávar.
- Tilnefning frá VM í samstarfsnefnd um bætt umgengi um auðlindir sjávar.

9. Önnur mál. Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 15:20